

Gallisay o.fl. gegn Ítalíu - Yfirdeild

Dómur frá 22. desember 2009

Mál nr. 58858/00

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

41. gr. Sanngjarnar bætur

Eignarnám. Ákvörðun um bætur.

1. Málsatvik

Kærendur eru þrír ítalskir ríkisborgarar, Stefano Guiso-Gallisay, Gian Francesco Guiso-Gallisay og Antonella Guiso-Gallisay. Þau eru fædd 1959, 1948 og 1952. Árið 1977 tóku ítölsk yfirvöld yfir landsvæði í eigu kæranda á eyjunni Sardiníu. Markmið yfirtökunnar var að taka landið eignarnámi og hefja nýtingu á því. Yfirvöld tóku hins vegar landið hvorki eignarnámi né greiddu fyrir það nokkrar bætur. Kærendur höfðu því skaðabótamál gegn yfirvöldum fyrir ólögmda yfirtöku á landinu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að yfirtaka landsins hefði brotið gegn friðhelgi eignarréttar þeirra samkvæmt 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn féllst á að brotið hefði verið gegn 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. Dómstóllinn ákvað að víkja frá fyrri fordæmum sínum um beitingu 41. gr. sáttmálans. Áður hafði verið byggt á þeirri reglu að greiða bæri bætur fyrir markaðsvirði eignarinnar auk þess tekjutaps sem fyrri eigandi hafði orðið fyrir vegna eignamissisins. Til að finna þessa fjárhæð hafði dómstóllinn beitt þeirri aðferð að leggja saman virði framkvæmda á landareign og virði lands á þeim tíma sem bæturnar voru dæmdar. Dómstóllinn taldi að þetta fyrirkomulag væri ekki réttlætanlegt enda gæti það leitt til þess að kærendur fengju mismunandi háar bætur eftir því hvað yfirvöld létu gera á því landi sem þau tækju eignarnámi. Nauðsynlegt væri að miða virði lands við þá dagsetningu þegar eignarnámið átti sér stað og leiðréttu síðan miðað við þróun verðlags frá þeim tíma og til þess að dómur félli um að greiða bæri bætur auk vaxta. Ef yfirvöld hefðu greitt einhverjar bætur ætti að draga þá fjárhæð frá útreiknaðri bótafjárhæð. Með þessari aðferð taldi dómstóllinn að greiða bæri kærendum 1.803.374 evrur. Einnig bar ítalska ríkinu að greiða 45 þúsund evrur í miskabætur og 30 þúsund evrur í málskostnað.

Kærendur óskuðu þess að yfirdeild dómstólsins tæki afstöðu til þessa frávíks frá fyrri fordæmum dómstólsins. Yfirdeildin lagði áherslu á að unnt væri að beita hinni nýju reikniðferð í landsrétti bæði hvað varðaði mál sem nú þegar væru til meðferðar og einnig í málum sem upp myndu koma í framtíðinni. Yfirdeildin taldi hins vegar að í stað þess að miða við þann tíma þegar ítalskur dómstóll lýsti því yfir að brotið hefði verið gegn eignarrétti kæranda bæri að miða við þann tíma þegar kærendur misstu yfirráðin yfir landsvæði sínu.

Kærendum voru því dæmdar 2.145.000 evrur í bætur vegna eignarnámsins. Einnig voru þeim dæmdar 45 þúsund evrur í miskabætur og 35 þúsund evrur í málskostnað.